

**Nd.**

**179. Nefndarálit**

[77. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni töldu sig ekki geta breytt frumv. og vildu því samþykka það óbreytt. Fulltrúar Framsóknarflokksins og ég töldum hins vegar nauðsynlegt, að gerðar yrðu ýmsar breytingar á frumvarpinu, og flytjum við því saman breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Með frumv. þessu gerir ríkisstjórnin tillögur um ráðstöfun á svonefndum gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum. Í rauninni er hér ekki um beinan gengishagnað að ræða nema að nokkru leyti. Sú verðhækkun, sem til fellur af útflutningsvörum, sem framleiddar eru eftir gengisbreytingardag og til áramóta, getur ekki kallast gengishagnaður, og þannig er einnig varið verðhækkunum á vörubirgðum, að því leyti sem á þær hlýtur að falla aukinn kostnaður vegna gengisbreytingarinnar.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram hafa komið, er talið, að verðmæti þeirrar útflutningsframleiðslu ársins 1967, sem falla undir ákvæði frumvarpsins, muni nema um 1700 millj. króna og verðhækkun hennar verði um 400 milljónir króna. Frumvarpið fjallar um, hvernig skipta skuli umræddum 400 milljónum króna, sem teknar verða af útflutningi ársins 1967 og í fyrstu verða lagðar inn á sérstakan reikning í Seðlabankanum.

Í upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar, eins og þær komu fram í frv., þegar það var lagt fyrir efri deild, var gert ráð fyrir, að um 145 milljónum króna af heildarfrjárhæðinni yrði varið til beinna þarfa útvegsins, aðallega til greiðslu váttryggingariðgjalda og til greiðslu á beinum kostnaðarauka vegna gengisbreytingarinnar. En 255 milljónum króna átti að verja til framlaga í ýmsa sjóði og sem nýjum tekjuauka í ríkissjóð.

Í efri deild hefur frv. tekið allmiklum breytingum til bóta, og má það einstakt telja, þar sem hér er um stjórnarfrumvarp að ræða og án samið af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en slíkum frumvörpum hefur aldrei mátt breyta, svo að nokkru næmi, varla er hægt að segja, að á þeim hafi mátt gera augljósar leiðréttingar.

Eftir breytingar þær, sem gerðar voru á frv. í efri deild, má áætla, að ráðgert sé, að beinar greiðslur til útvegsins samkv. frv. geti numið um 170 milljónum króna, en greiðslur til ýmissa sjóða verði um 230 milljónir.

Eins og kunnugt er, hefur aðalröksemdin fyrir gengislækkuninni verið sú, að hagur sjávarútvegsins væri orðinn með þeim hætti, að óhjákvæmilegt væri að koma honum til hjálpar. Það hefur verið á allra vitorði, að svo var komið, að nær allar greinar útvegsins voru reknar með tapi. Við það hefur svo bætzt, að óvenjuerfitt tíðarfar á þessu ári hefur stórkostlega dregið úr aflamagni, og auk þess hefur orðið verulegt verðfall á ýmsum útflutningsafurðum.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur sérstök áherzla verið lögð á það mikla áfall, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir á þessu ári, og því haldið fram, að útflutningsverðmætið muni minnka um 1500—2000 milljónir króna. Allir vita, að þetta áfall hefur skolið með miklum þunga á sjómönnum og útvegsmönnum og reyndar einnig á öllum þeim, sem við sjávarframleiðsluna vinna.

Enginn vafi er á því, að vegna minni afla og lægra verðlags hafa sjómenn tekið á sig kauplækkun, sem nemur nokkrum hundruðum milljóna króna, og hið sama er að segja um eigendur fiskiskipanna. Augljóst er, að fiskvinnslustöðvarnar hafa einnig orðið fyrir áfalli af þessum ástæðum og tekjur þeirra, sem hjá þeim vinna, hafa stórlækkað.

Það hlýtur því að vekja undrun allra, að þegar um það er að ræða að ráðstafa um 400 milljón króna verðhækkun á framleiðslu þeirra, sem orðið hafa fyrir þessum stórkostlegu áföllum, þá telur ríkisstjórnin réttmætt að taka meginhlutann af verðhækkuninni frá þessum aðilum og afhenda hana til eignar ýmsum sjóðum. Gengislækkunin átti að vera gerð til þess að rétta við fjárhag sjávarútvegsins, en samkvæmt því, sem nú er ráðgert, er ljóst, að ætlunin er ekki sú. Ætlunin er sú að nota gengislækkunina til fjáröflunar fyrir ýmsa sjóði, og eins og fram kemur í ýmsum öðrum tillögum frá ríkisstjórninni til fjáröflunar fyrir ríkissjóð.

Það er skoðun mín, að ráðstafa eigi allri þeirri verðhækkun á útflutningsvörum, sem til fellur, í því skyni að bæta afkomu útflutningsatvinnuveganna og þeirra, sem við þá vinna.

Ég tel, að verja hefði þurft meira fé samkv. 1. gr. frv. til stuðnings við skreiðarframleiðendur og síldarverksmiðjur. Enginn vafi leikur á, að þessir aðilar hafa orðið fyrir miklu áfalli vegna lokunar markaða og mikils verðfalls.

Í tillögum þeim, sem ég flyt á sérstöku þingskjali ásamt þeim Birni Pálssyni og Jóni Skaftasyni, er lagt til að verja 40 milljónum króna til sérstakrar hækkunar á kaupum sjómanna og þeirri fjárhæð verði fyrst og fremst varið til að greiða

opinber gjöld þeirra á þessu ári. Hlutarsjómenn eiga að réttu lagi nokkurn hluta þeirrar verðhækkunar, sem hér kemur fram, m. a. af þeim afla, sem veiddur er eftir gengisbreytingardag.

Hlutarsjómenn eiga nú í miklum fjárhagserfiðleikum, þar sem aflahlutur þeirra hefur stórminnkað á þessu ári, en hins vegar hvíla á þeim mikil og há opinber gjöld vegna góðra tekna árið áður. Óhjákvæmilegt er að hlaupa undir bagga með sjómönnum í þessum efnunum, og sýnist þá eðlilegt að greiða þeim nokkurn hluta verðhækkunarinnar, sem verður á útfluttum afurðum.

Þá er í tillögum okkar gert ráð fyrir, að 80 milljónum króna verði varið sem beinum greiðslum á vaxtagjöldum sjávarútvegsins af lánum í Fiskveiðasjóði og Fiskimálasjóði. Við teljum algerlega óeðlilegt, að verðhækkunin vegna gengisbreytingarinnar verði látin renna sem gjöf til Fiskveiðasjóðs.

Fiskveiðasjóður er öflugur sjóður, sem stendur fjárhagslega vel, ef hann fær umsamdar greiðslur af lánum skilvíslega greiddar. Það, sem Fiskveiðasjóð skiptir því mestu máli, er það, að útgerðarfyrirtækin, sem hann hefur lánað, búi við hagstæðan rekstur og geti greitt af lánum sínum.

Í tillögum okkar er gert ráð fyrir að verja 80 milljónum króna til sérstakra ráðstafana vegna gengistapa, sem fiskiskipaeigendur verða fyrir við gengisbreytinguna. Við leggjum til, að helmingur þessarar fjárhæðar teljist sem framlag skipaeigenda, en hinn helmingurinn gangi sem viðbótarlán Fiskveiðasjóðs til þeirra, sem fyrir gengistöpunum verða.

Meginatriðin í tillögum okkar eru því þau, að umræddum 400 milljónum króna verði varið til sjávarútvegsfyrirtækja og til hlutarsjómanna, en ekki til stofnframlaga í ýmsa sjóði.

Alþingi, 18. des. 1967.

Lúðvík Jósefsson.